



Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2023

Efni: UMSÖGN VIÐ FRUMVARP TIL LAGA UM FJÁRLÖG 2024, 1. MÁL

Í tengslum við gerð frumvarps til laga um fjárlög 2024, 1. mál, þá vill Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) koma eftirfarandi upplýsingum og áherslum á framfæri, og óska eftir aukinn stuðning við mikilvæg málefni fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2024 kemur fram að ekki sé um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins (íþrótt- og æskulýðsmál) að ræða. Umfang íþróttastarfsins á Íslandi er þó umtalsvert og snertir alla anga þjóðfélagsins, um allt land.

Í samantekt hér á eftir má sjá hvernig rekstrarframlag til ÍSí og framlag til Afrekssjóðs ÍSí hafa staðið í stað og ekki fylgt verðlagsbreytingum. Þau tvö mál sem við viljum þó leggja aukna áherslu á eru annars vegar Ferðasjóður Íþróttafélaga (nefndur Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands í fjárlögum) og hins vegar svokallaður ríkisstyrkur til sérsambanda innan ÍSí sem er fjallað um í samningi ÍSí við mennta- og barnamálaráðuneytið.

Á fundi ríkisstjórnar Íslands í mars 2006 var samþykkt að koma á fót ferðasjóði íþróttafélaga, til að jafna aðstöðumun og efla íþrótt- og forvarnarstarf í samræmi við tillögur nefndar sem menntamálaráðherra fól að fjalla um ferðakostnað íþróttafélaga. Íþróttahreyfingin hafði þá barist í áratug fyrir því að slíkur sjóður yrði stofnaður, ekki síst með tilliti til bættis öryggis iðkenda á ferðalögum á vegum íþróttafélaga.

Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands var jafnframt falin umsjón og umsýsla sjóðsins en breytingar á forsendum útreiknings styrkja hafa síðan þá jafnframt verið bornar undir mennta- og barnamálaráðuneytið til staðfestingar.

Framlag ríkisins var á þeim tímapunkti ákveðið 180 m.kr. til þriggja ára, skv. þjónustusamningi sem undirritaður var af ÍSí og ráðuneyti 18. mars 2008 og skiptist skv. eftirfarandi:

Árið 2007 kr. 30.000.000, árið 2008 kr. 60.000.000 og árið 2009 kr. 90.000.000.

Þegar til kom þá var ekki hægt að uppfylla samninginn að öllu leyti af hálfu ríkisins enda um að ræða árin í kjölfar hrunsins á efnahag þjóðarinnar. Framlög til sjóðsins voru stigvaxandi frá árinu 2012 og þar til árið 2021 þegar framlagið varð fyrir skerðingu um 2,6 milljónir króna og aftur árið 2022 um 0,5 milljón króna. Í Viðauka I, hér aftast, má sjá yfirlit yfir framlög til sjóðsins frá upphafi og til dagsins í dag. Til að skoða áhrif vísitölu neysliverðs á þessar upphæðir er notast við verðlagsreiknivél á vef Hagstofu Íslands og framlag reiknað miðað við janúar





viðkomandi ár í samanburði við verðlag í nóvember 2023. Á það einnig við um aðra útreikninga hér á eftir.

Styrkveitingar fara eingöngu til íþróttafélaga og deilda þeirra og eru þannig til stuðnings ferðalögum innanlands og þá nánast eingöngu vegna Íslandsmóta í öllum aldursflokkum. Vegna ferða á árinu 2022 hlutu 118 íþróttafélög og deildir þeirra stuðning. Stór hluti umsókna í sjóðinn er vegna barna- og ungmenna á landsvísu og þess má einnig geta að í reiknilíkani sjóðsins er margfeldistuðull sem hækkar útgreiðsluprósentu til þeirra félaga sem hafa starfssvæði utan höfuðborgarsvæðisins og nágrennis.

Ferðasjóður íþróttafélaga er gríðarlega mikilvægur fyrir íþróttahreyfinguna og eru styrkveitingar úr honum í sumum tilfellum forsenda þess að félög treysta sér til að senda hópa til þátttöku í íþróttamótum á Íslandi.

Eins og öllum er kunnugt þá hafa orðið miklar verðhækkanir síðustu árin, bæði á eldsneyti og flugfargjöldum. Framlög í Ferðasjóð íþróttafélaga hafa ekki fylgt vísitölu- og verðlagshækkunum heldur hafa þau lækkað á síðustu árum.

Það er eindregin ósk ÍSÍ að framlag til sjóðsins verði hækkað og fylgi vísitölu- og verðhækkunum þannig að úthlutun til ferðasjóðs íþróttahreyfingarinnar fyrir árið 2024 verði að lágmarki 180 m.kr.

Annað stórt hagsmunamál er ríkisstyrkur til sérsambanda ÍSÍ, sem hefur ekki heldur fylgt vísitölu- og verðlagshækkunum. Ríkisstyrkur til sérsambanda var settur á árið 2006 og var þá gerður samningur til þriggja ára. Lagt var upp með styrkurinn gæti dekkjað kostnað við a.m.k. hálf stöðugildi til að byrja með hjá öllum sérsamböndum ÍSÍ og síðar meir heilt stöðugildi. Á þeim tíma voru sérsambönd innan ÍSÍ 25 talsins en í dag, árið 2023, eru þau orðin 34.

Sérsambönd ÍSÍ gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki fyrir íþróttirnar í landinu. Þau setja reglur og stefnur í viðkomandi greinum, mennta dómara og þjálfara og sjá um stærstan hluta mótahalds. Afreksíþróttastarfið í landinu liggur mikið hjá sérsamböndunum og þau sjá einnig um flest íþróttaleg samskipti við útlönd hjá viðkomandi íþróttagreinum. Meirihluti þeirra býr við mikinn fjárskort og sum hver ná ekki að fjármagna starfsmann í fullt starf og er þessum mikilvægu störfum í mörgum tilfellum sinnt af sjálfboðaliðum, sem komast engan vegin yfir þau fjölbreyttu verkefni og þær skyldur sem settar eru á sérsambönd í nútíma samfélagi.

Styrknum er skipt á milli sérsambanda ÍSÍ eftir ákveðnum forsendum þar sem horft er til fjölda starfsmanna hjá viðkomandi sérsambandi. Sérsambönd ÍSÍ hljóta stuðning á bilinu 1.700 þús. til 3.420 þús., en það dugar engan veginn til að dekkja þann kostnað sem lagt var upp með í upphafi, þ.e. að lágmarki hálf stöðugildi hjá öllum sérsamböndum ÍSÍ og hvað þá heilt stöðugildi.

Ef miðað er við meðallaun á árinu 2022, samkvæmt vef Hagstofu Íslands, auk launatengdra gjalda má áætlað að einn starfsmaður í fullu starfi hjá öllum þeim 34 sérsamböndum sem eru innan ÍSÍ gæti kostað í heildina tæpar 330 m.kr., eða um 165 m.kr. miðað við hálf stöðugildi hjá öllum þessum 34 sérsamböndunum.

Fyrir árið 2017 var styrkupp hæðin 95 m.kr. sem á verðlagi í nóvember 2023 væri rúm 131 m.kr., en það er hæsta framlagið miðað við vísitölu neysluverðs í þessi samhengi. Frekari upplýsingar má sjá í Viðauka II og Viðauka III.





Það er eindregin ósk ÍSí að framlag til sérsambanda ÍSí verði hækkað og fylgi vísitölu- og verðhækkunum þannig að úthlutun fyrir árið 2024 verði að lágmarki 135 m.kr.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Íþróttá og Ólympíusamband Íslands undirrituðu þann 28. júlí 2016 tímamótasamning til þriggja ára um stórukið fjárframlag ríkisins til afreksíþróttá á Íslandi. Í samningnum kom fram að framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSí mundi hækka í áföngum úr 100 m.kr. á fjárlögum 2016 í 400 m.kr. á árinu 2019 og var því um fjórföldun að ræða. ÍSí hafði unnið ítarlega samantekt á árinu 2015 sem bar saman framlög stjórnvalda á Íslandi við framlög hjá þeim þjóðum sem við berum okkur jafnan við og var sýnt fram á að til að standa jafnfætis öðrum þjóðum á árinu 2015 þyrftu framlög frá stjórnvöldum til Afrekssjóðs ÍSí að vera um 650 m.kr. á því ári.

Þótt að þessi verulega aukning hafi átt sér stað á þessum árum hefur framlagið til sjóðsins lækkað á síðustu árum, bæði í rauntölum sem og miðað við verðlag. Verið er að vinna að tillögum að eflingu afreksíþróttastarfs í samvinnu ÍSí og mennta- og barnamálaráðuneytis, en þar er verið að horfa til framtíðar. Engu að síður er nauðsynlegt að efla sjóðinn að einhverju leiti fram að því og styðja betur við sérsambönd ÍSí á komandi ári. Í Viðauka IV eru upplýsingar um framlag til Afrekssjóðs ÍSí á síðustu árum og þróun þess í samanburði við verðlagsþróun.

Það er eindregin ósk ÍSí að framlag til Afrekssjóðs ÍSí verði hækkað og fylgi vísitölu- og verðhækkunum þannig að úthlutun fyrir árið 2024 verði að lágmarki 525 m.kr. sem er samkvæmt verðlagsþróun á framlaginu eins og það var árið 2019.

Íþróttá og Ólympíusamband Íslands hefur notið rekstrarstyrks í gegnum samning við Mennta- og barnamálaráðuneytið. Upphæðin hefur lítið breyst á undanförunum árum í samanburði við þróun verðlags í þjóðfélaginu og breytingar á launavísitölu, eins og sjá má í Viðauka V.

Það er eindregin ósk ÍSí að rekstrarframlag til ÍSí verði hækkað og fylgi vísitölu- og verðhækkunum þannig að úthlutun fyrir árið 2024 verði um 218 m.kr. sem er samkvæmt verðlagsþróun á framlaginu eins og það var árið 2018.

Með bréfi þessu óskum við eftir því við Fjárlaganefnd Alþingis taki til skoðunar við vinnslu fjárlaga fyrir árið 2024 að auka við fjárframlag í ofangreinda málaflokka, með aukinni áherslu á Ferðasjóð íþróttafélaga og svokallaðan ríkisstyrk til sérsambanda innan ÍSí, en þessir málaflokkar skipta gífurlega miklu máli fyrir allt íþróttastarf á Íslandi.

Ef nánari upplýsinga er þörf, þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Virðingarfyllst,

ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Andri Stefánsson
framkvæmdastjóri ÍSí






VIÐAUKI I

FRAMLAG TIL FERÐASJÓÐS ÍPRÓTTAFÉLAGA 2007 TIL 2023

Ár	Framlag	Á verðlagi nóv. 2023	Umsýslukostn. samkv. samn.	Flutt á milli ára (vegna COVID-19)	Til úthlutunar
2007	30.000.000	68.100.005			30.000.000
2008	59.000.000	126.592.219			59.000.000
2009	60.000.000	108.579.362			60.000.000
2010	57.000.000	96.769.820			57.000.000
2011	54.100.000	90.182.815	3.000.000		51.100.000
2012	64.700.000	101.251.323	3.000.000		61.700.000
2013	70.000.000	105.143.969	3.000.000		67.000.000
2014	85.000.000	123.822.595	3.000.000		82.000.000
2015	85.000.000	122.818.411	3.000.000		82.000.000
2016	100.000.000	141.453.155	3.000.000		97.000.000
2017	130.000.000	180.428.669	3.000.000		127.000.000
2018	130.000.000	176.249.017	3.000.000		127.000.000
2019	130.000.000	170.476.491	3.000.000		127.000.000
2020	130.000.000	167.629.641	3.000.000	- 32.000.000	95.000.000
2021	127.400.000	157.505.600	3.000.000	+ 32.000.000	156.400.000
2022	126.900.000	148.449.340	3.000.000		123.900.000
2023	126.900.000	135.024.219	3.000.000		123.900.000
Samtals:	1.566.000.000	2.220.476.651	39.000.000		1.527.000.000

ÞRÓUN FRAMLAGS TIL FERÐASJÓÐS ÍPRÓTTAFÉLAGA






VIÐAUKI II

FRAMLAG TIL SÉRSAMBANDA ÍSÍ 2006 TIL 2023

Ár	Framlag	Á verðlagi nóv. 2023	Fjöldi sér sambanda	Meðaltal miðað við fjölda sér sambanda
2006	30.000.000	72.784.743	25	1.200.000
2007	40.000.000	90.800.007	27	1.481.481
2008	60.000.000	128.737.850	27	2.222.222
2009	70.000.000	126.675.923	27	2.592.593
2010	63.700.000	108.144.518	27	2.359.259
2011	61.800.000	103.018.447	28	2.207.143
2012	60.500.000	94.678.594	28	2.160.714
2013	70.000.000	105.143.969	29	2.413.793
2014	85.000.000	123.822.595	29	2.931.034
2015	85.000.000	122.818.411	30	2.833.333
2016	85.000.000	120.235.181	31	2.741.935
2017	95.000.000	131.851.720	32	2.968.750
2018	95.000.000	128.797.358	32	2.968.750
2019	95.000.000	124.578.974	32	2.968.750
2020	97.000.000	125.077.501	33	2.939.394
2021	97.000.000	119.921.846	33	2.939.394
2022	99.000.000	115.811.542	34	2.911.765
2023	99.000.000	105.338.043	34	2.911.765
Samtals:	1.388.000.000	2.040.444.839		

ÞRÓUN FRAMLAGS TIL SÉRSAMBANDA ÍSÍ





VIÐAUKI III

ÚTHLUTUN RÍKISSTYRKS TIL SÉRSAMBANDA ÍSÍ FYRIR ÁRIN 2006, 2013 OG 2023

SÉRSAMBAND:	STOFNÁR	2006	2013	2023
Akstursíþróttasamband Íslands	2012		2.000.000	2.750.000
Badminton samband Íslands	1972	1.500.000	2.800.000	3.105.000
Blaksamband Íslands	1967	1.500.000	2.800.000	3.105.000
Bogfimisamband Íslands	2019			2.750.000
Borðtennissamband Íslands	1972	800.000	2.000.000	2.750.000
Dansíþróttasamband Íslands	2000	1.000.000	2.800.000	3.105.000
Fimleikasamband Íslands	1968	1.500.000	2.800.000	3.330.000
Frjálsíþróttasamband Íslands	1947	1.500.000	2.800.000	3.330.000
Glímusamband Íslands	1965	0	1.300.000	1.700.000
Golfsamband Íslands	1942	3.200.000	3.500.000	3.330.000
Handknattleikssamband Íslands	1957	2.600.000	3.100.000	3.330.000
Hjólreiðasamband Íslands	2014			2.750.000
Hnefaleikasamband Íslands	2015			2.750.000
Íshökkísamband Íslands	2004	1.000.000	2.800.000	3.105.000
Íþróttasamband fatlaðra	1979	0	1.200.000	2.000.000
Júdósamband Íslands	1973	1.000.000	2.350.000	2.950.000
Karatesamband Íslands	1985	1.000.000	2.350.000	2.950.000
Keilusamband Íslands	1997	800.000	2.000.000	2.950.000
Klifursamband Íslands	2021			2.080.000
Knattspyrnusamband Íslands	1947	0	3.500.000	3.330.000
Kraftlyftingasamband Íslands	2010		2.000.000	2.950.000
Körfuknattleikssamband Íslands	1961	2.600.000	3.100.000	3.330.000
Landssamband hestamannafélaga	1949	2.600.000	3.200.000	3.330.000
Lyftingasamband Íslands	1973	0	1.000.000	2.750.000
Mótorhjóla- og snjósleðiþróttasamband Íslands	2006		2.000.000	2.750.000
Siglingasamband Íslands	1973	800.000	2.000.000	2.750.000
Skautasamband Íslands	2003	800.000	2.000.000	2.950.000
Skíðasamband Íslands	1946	1.500.000	2.800.000	3.105.000
Skotíþróttasamband Íslands	1979	1.000.000	2.350.000	3.105.000
Skyldingasamband Íslands	2006		2.000.000	2.950.000
Sundsamband Íslands	1979	1.500.000	3.100.000	3.330.000
Taekwondósamband Íslands	2002	1.000.000	2.350.000	2.750.000
Tennissamband Íslands	1987	800.000	2.000.000	2.750.000
Þríþrautarsamband Íslands	2016			2.750.000
Samtals:		30.000.000	70.000.000	99.000.000






VIÐAUKI IV

FRAMLAG TIL AFREKSSJÓÐS ÍSÍ 2016 TIL 2023

Ár	Framlag ríkisins	Á verðlagi nóvember 2023	Úthlutað
2016	100.000.000	141.453.155	150.899.542
2017	200.000.000	277.582.568	249.116.258
2018	300.000.000	406.728.500	339.281.406
2019	400.000.000	524.543.050	439.198.885
2020	400.000.000	515.783.510	388.979.512
2021	392.000.000	484.632.615	489.789.310
2022	392.000.000	458.566.914	544.050.219
2023	392.000.000	417.096.090	539.565.000
Samtals:	2.576.000.000	3.226.386.402	3.140.880.132

ÞRÓUN FRAMLAGS TIL AFREKSSJÓÐS ÍSÍ 2016 TIL 2023





VIÐAUKI V

REKSTRARSTYRKUR TIL ÍSÍ 2015 TIL 2023

Ár	Framlag ríkisins	Á verðlagi nóvember 2023
2015	113.700.000	164.287.687
2016	123.700.000	174.977.552
2017	143.700.000	199.443.075
2018	161.000.000	218.277.628
2019	161.000.000	211.128.578
2020	161.000.000	207.602.863
2021	163.000.000	201.518.154
2022	163.000.000	190.679.610
2023	170.000.000	180.883.508
Samtals:	1.360.100.000	1.748.798.655

REKSTRARSTYRKUR TIL ÍSÍ 2015 TIL 2023

